

Það er mæting á námskeiðið klukkan 9:00 í íþróttasal Smárans. Þar finna börnin sína leiðbeinendur en hvert og eitt námskeið er merkt á ákveðnum stað í íþróttasalnum sem krakkarnir mæta á alla vikuna. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn finni leiðbeinanda hvers námskeið og láti vita að barnið er mætt á námskeiðið, leiðbeinendur mæta 10 mínútum áður en námskeiðið byrjar. Að gefnu tilefni er leyfilegt að mæta hálf tíma fyrir námskeiðið og skilja barnið sitt eftir í Smáranum, ef það er þörf á því að mæta snemma með barnið er hægt að skrá það í gæslu frá 8:00-9:00 en gæslan er í veitingasal Smárans á 2.hæð og skráning fer fram í gegnum Nóra.

Mikilvægt er að sækja barnið á réttum tíma ef barnið er ekki að fara í annað námskeið eftir hádegi, en börnin eru sótt í inngang Smárans. Ef barnið er á öðru námskeiði eftir hádegi er best að skrá barnið í hádegismat því þá er barninu fylgt í mat, síðan gæslu og að lokum á næsta námskeið sem er eftir hádegi. Börnin eru sótt í inngang Smárans.

**ATH bannað er að koma með hnetur í nesti** þar sem iðkendur á námskeiðunum eru með bráðaofnæmi fyrir hnetum.

Foreldrum/forráðamönnum barna með sérþarfir býðst að sækja um stuðning fyrir börn sín á almenn sumarnámskeið og hvetjum við foreldra til að nýta sér það. Hér er linkur sem hægt er að sækja um stuðning: <https://sumar.kopavogur.is/hrafninn-trod/serst-sumarst/>

Hér er dagskráin fyrir námskeiðið í næstu viku.

## Skáknámskeið Breiðabliks 9:00-12:00 Smárinn/Stúkan við Kópavogsvöll

<u>Tími</u>	<u>Mán.</u>	<u>Þri.</u>	<u>Mið.</u>	<u>Fim.</u>	<u>Fös.</u>
09:00-09:30	Kynning	Frjáls skák	Frjáls skák	Frjáls skák	
09:30-10:20	Stormur (skákleikur)	Riddaraskák	Peðaskákkeppni	Kóngur og peð	Skákmót
10:20-10:40	Nesti				
10:40-11:20	Riddaraskák	Út/skák	Út/skák	Æfingarmót	
11:20-11:50	Út/skák	Út/skák	Út/skák	Æfingarmót	Mynd/út
11:50-12:00	Ganga frá og fara í Smárann	Ganga frá og fara í Smárann	Ganga frá og fara í Smárann	Ganga frá og fara í Smárann	Ganga frá og fara í Smárann

Breiðablik áskilur sér rétt til að breyta dagskránni (t.d. vegna veðurs eða mætingar á námskeiðið). Börnin eru beðin um að koma í íþróttafötum og helst í íþróttaskóm og klædd eftir veðri ef útvera er á dagskrá!

Gott er að vera með aukaföt í töskunni ef eitthvað kemur upp á. Námskeiðið einkennist af mikilli hreyfingu svo þægilegir skór eru mjög mikilvægir (íþróttaskór bestir). Einnig eru börnin beðin um að koma með létt nesti. Við biðjum foreldra að vera stundvísir þegar komið er með börnin og þegar þau eru

sótt. Að gefnu tilefni viljum við taka fram að við reynum að hjálpa til við að passa upp á eigur barnanna en getum ekki tekið ábyrgð á þeim.

Ef einhverjar spurningar vakna er hægt að hafa samband við Sóllilju í gegnum tölvupóst: [sumarnamskeid@breidablik.is](mailto:sumarnamskeid@breidablik.is) eða í síma 4418912.